

Viðtakandi: Íbúaráð Breiðholts
Sendandi: Menningar- og íþróttasvið

Reykjavík, 24. október 2024

MSS24090063

UMSÖGN

Á fundi íbúaráðs Breiðholts 2. október 2024 var lögð fram svohljóðandi ályktunartillaga íbúaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um fjármögnun íþróttafulltrúa Leiknis.

Lagt er til að Íbúaráð Breiðholts óski eftir því við borgarráð að gerður verði samningur við íþróttafélagið Leikni um stuðning borgaryfirvalda við starf íþróttafulltrúa á vegum félagsins. Samningurinn verði gerður í tengslum við fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2025 og taki mið af þeim samningum, sem þegar hafa verið gerðir við önnur hverfisíþróttafélög í borginni.

Ályktunartillögunni var vísað til umsagnar menningar- og íþróttasviðs.

Umsögn:

Á fundi menningar-, íþrotta- og tómstundaráðs 27. júní 2024 var lögð fram tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um íþróttafulltrúa hjá Leikni. Á fundinum var jafnframt lagt fram minnisblað sviðsstjóra MÍR ásamt umsögn Íþróttabandalags Reykjavíkur.

Tillögunni var vísað frá með 4 atkvæðum fulltrúa Samfylkingar, Pírata og Viðreinar gegn 2 atkvæðum Sjálfstæðisflokksins. Fulltrúi Vinstri grænna sat hjá.

Menningar- og íþróttasvið leggur til að ályktunartillögunni verði vísað frá á sömu forsendum og 27. júní 2024.

Virðingarfyllst,

Eiríkur Björn Björgvinsson,
sviðsstjóri
menningar- og íþróttasviðs



Reykjavík